



Leikskóli – þrepaskipting vinnu á stigi 1

1. þrep – deild barns:

Þegar vangaveltur um færni barns koma upp eða áhyggjur af stöðu barns vakna er byrjað á að kortleggja vandann og styrkleika barnsins á deildarfundi ásamt því að íhlutun er rædd. Gátlistar, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Íhlutunin á að ná yfir þriggja mánaða tímabil en miðað er við að hún sé endurmetin á deildarfundi eftir 6-8 vikur.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á því tímabili getur deildarstjóri vísað máli til lausnaleitar í samráðsteymi leikskólans. Samráðsteymi getur vísað máli aftur í vinnslu á þrep 1 (deild) með tillögum að breytingum á íhlutun. Samráðsteymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á þrep 2 (sérhæfð íhlutun).

Áhyggjur af málþroska:

- **Málþroski barnsins kortlagður með eftirtöldum skimunum/aðferðum:**
 - TRAS skráningar
 - Orðaskil
 - HLJÓM-2 (fyrir elstu börnin)
 - Orðaforðagátlisti (Notar/notar ekki listi)
 - Gátlistar um undirstöðupætti máls fyrir hvert aldursbil (Getur/getur ekki listi)
 - Mat á stöðu í móðurmáli (ef hægt er)
- **Úrræði**
 - Gefðu 10
 - Vinna með máhljóð (Lubbi o.fl.)
 - Málörvunarhópar í deildarstarfi
 - Sjónrænt dagskipulag
 - Sjónrænar vísbendingar
 - Boðskiptakippa
 - TMT - tákni með tali
 - TMT mappa bæði heima og í leikskóla
 - PECS-myndir
 - Orðabók milli heimilis og skóla
 - Aukið samstarf við foreldra barnsins þar sem unnið er að sameiginlegum markmiðum

Áhyggjur af vitsmunaproska barna:

- **Vitsmunaproski barnsins kortlagður með eftirtöldum skimunum/aðferðum:**
 - TRAS
 - Gátlistar um undirstöðupætti máls fyrir hvert aldursbil (Getur/getur ekki listi)
- **Úrræði**
 - Þjálfunarstundir

- Aukin þjálfun/örvun í deildarstarfi
- Gefðu 10
- Sjónrænt dagskipulag
- Boðskiptakippa

Áhyggjur af hegðun eða líðan

- **Kortleggja hegðun barns með aðferðum SMT**
 - AHA skráningar
 - SMT skráningar á hegðunarfrávikum
 - SMT þríhyrningur
 - Tengslahringur
- **Úrræði**
 - Aðlaga umhverfi barns á deildinni
 - Hvar situr barnið? Hvar er fatahólf barnsins? O.s.frv..
 - Fækka börnum í hverjum hópi og/eða á svæði, t.d. í samveru, í fatarými, í listasmiðju o.s.frv.
 - Aukin eftirfylgni starfsfólks með barninu í leikaðstæðum
 - Sjónrænar vísbendingar
 - Fyrst og svo spjald
 - Para saman mynd á spjald (TEACCH)
 - Sjónrænt dagskipulag
 - Leikþjálfun - setja upp leik með litlum hópi og æfa samskiptareglur/boðskipti
 - Reglukennsla – SMT og Bína
 - Heyrnahlífar
 - SMT - umbunarkerfi
 - Bean fee
 - Tilfinningaspjöld
 - Félagsfærnisögur
 - Vináttuverkefni Blær
 - Samræmd viðbrögð starfsfólk á deild við ákveðnum hegðunarfrávikum

Áhyggjur af félagsþroska

- **Kortleggja félagslega hegðun barns með aðferðum SMT**
 - AHA skráningar
 - SMT skráningar á hegðunarfrávikum
 - TRAS
 - Tengslahringur
- **Úrræði**
 - Aðlaga umhverfi barns á deildinni
 - Hvar situr barnið? Hvar er fatahólf barnsins? O.s.frv..
 - Fækka börnum í hverjum hópi, t.d. í samveru
 - Aukin eftirfylgni starfsfólks með barninu í leikaðstæðum
 - Tengja barnið ákveðnu barni eða barnahóp
 - Leikþjálfun - setja upp leik með litlum hóp og æfa samskiptareglur/boðskipti
 - Reglukennsla og unnið með boðskipti – SMT og Bína

- Vináttuverkefni Blær
- Tilfinningaspjöld
- Félagsfærnisögur
- Umbunarkerfi

Áhyggjur af gróf- og/eða fínhyfiproska

Kortleggja hreyfiproska barns

- Íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn
- AEPS

Úrræði

- Markvissar hreyfistundir í sal
- Markviss hreyfing í útiveru
- Vettvangsferðir (t.d. til að auka úthald barns)
- Aukin verkefni í starfi deildar sem reyna á fínhyfingar
- Benda foreldrum á að hafa samband við heimilislækni sem metur stöðu barnsins



2. þrep – sérhæfð íhlutun:

Máli barns er vísað á *þrep 2 – sérhæfð íhlutun* ef íhlutun á *þrepi 1* hefur ekki skilað tilskildum árangri. Deildarstjóri leggur málið fyrir sérkennslustjóra/samráðsteymi til þess að ákvarða um næstu skref.

Ef á frekari kortlagningu á stöðu barns er þörf nýtum við í Bjarkalundi eftirtaldar skimanir:

- TRAS skráningar (endurtekning fyrir 5-6 ára börn)
- Orðaskil (endurtekning 6 mánuðum eftir að foreldrar fylla út)
- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- EFI-2
- AAL-listi
- Gerd Strand

Úrræði á þrepi 2:

- Aðkoma sérkennslustjóra að starfi deildar
- Einstaklingsþjálfun fyrir barn
- Þjálfun fyrir hóp barna
- Áætlun fyrir nám barns innan deildar
- Aukin stuðningur við barn (1., 2. og 3. flokkur sérkennslu skv. reglum Hafnarfjarðar)
- Atferlisíhlutun
- Námsumhverfi barns skipulagt með aðferðum skipulagðar kennslu (TEACCH)
- Ráðgjöf fyrir starfsfólk – eyðublað A (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO).
- Tilvísun í Brúarteymi leikskólans
 - Foreldrar skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns
 - Deildarstjóri og sérkennslustjóri fylla út eyðublað B



3. þrep – lausnaleit í brúarteymi:

Á fundum brúarteymis fer fram þverfagleg lausnaleit í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublað B og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Brúarteymi getur ákveðið að vísa máli aftur á þrep 1 (deild) eða þrep 2 (sérhæfð íhlutun) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Brúarteymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkfelum Brúarinnar. Þá er eyðublað C fyllt út með upplýsingum frá foreldrum um stöðu barnsins. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og námskeiðum fyrir foreldra.